

Mál nr. 24/2011

Ár 2011, þriðjudaginn 13. desember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 24/2011

X gegn Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 3. október 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para saman rakkann XX og tíkina YY þar sem hvorki rakkinn né tíkin höfðu verið mjaðmamynduð. Auk þess hafði tíkin ekki náð tilskildum lágmarksaldri þegar pörun fór fram. Kæran var send kærðu Y til umsagnar með bréfi dagsettu 4. október 2011 og henni gefinn andmælafrestur til 1. nóvember. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og var kærðu Y sent ítrekunarbréf dagsett 10. nóvember og honum gefinn viðbótasvarfrestur í 7 daga eða til 17. nóvember. Siðanefnd móttók andsvar kærðu dags. 14. nóvember og sendi afrit af því til kæranda til umsagnar. Kærandi X svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið og þar sem siðanefnd taldi að öll efnisatriði er máli skiptu væru komin fram þá ákvað hún að boða til sáttafundar hinn 13. desember, sem gert var með bréfi dagsettu 24. nóvember. Þar eð kærða Y býr utan höfuðborgarsvæðisins þá var henni boðið að halda fundinn gegnum fjarfundabúnað og þáði hún það. Ekki náðust sættir með aðilum og var málið tekið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 16. janúar 2011 voru rakkinn XX og tíkin YY pöruð saman án þessa að rakkinn eða tíkin hefðu verið mjaðmamynduð. Auk þess hafði tíkin ekki náð tilskyldum tveggja ára aldri þegar pörun fór fram. Hundarnir eru af hundakyninu Íslenskur fjárhundur og eru bæði rakkinn og tíkin í eigu kærðu.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ, reglur sérdeilda segir um hundakynið Íslenskur fjárhundur:

„Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir frá 01.07.1999).

Og í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ segir í grein 3.3:

„Para ekki tík fyrir tveggja ára aldur nema annað sé tekið fram í reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr í Reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað 16. janúar hafði hvorki hundurinn né tíkin verið mjaðmamynduð en slík myndataka er meðal þeirra heilsufarsskoðana sem áskilin eru í tegundinni. Eins hafði tíkin ekki náð tilskyldum aldri. Með því að para gerðist kærða brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn.

Kemur þá til skoðunar hver hæfileg viðurlög eru við brotinu. Kærða Y segir að pörunin hafi orðið fyrir slysi sem ekki hafi orðið uppvíst um fyrr en of seint hefði verið að sprauta úr tókinni. Kærða Y ber engu að síður ábyrgð á hundunum og breytir það því ekki að hún telst brotleg. Þá viðurkenndi kærða Y aðspurð að hafa áður gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn. Kærða Y sætir áminningu fyrir brot sitt.

IV. Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 og 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða Y er áminnt.

f.h siðanefndar

Sign: Herdís Hallmarsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir